




Reykjavíkurborg

Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi ***Skipulagslýsing***



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 40 GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

UNNIÐ FYRIR UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

dags. 21.10 2016



Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is

sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Afmörkun og núverandi ástand.....	3
3.	Helstu forsendur og viðfangsefni.....	3
4.	Tengsl við aðrar áætlanir	4
4.1.	Aðalskipulag.....	4
4.2.	Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar	6
4.3.	Hverfisskipulag	7
4.4.	Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir	7
5.	Umhverfisáhrif.....	8
6.	Skipulagsferli.....	8
7.	Kynning og samráð	8

Myndaskrá

Mynd 2-1.	Afmörkun skipulagssvæðis.	3
Mynd 4-1.	Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og er deiliskipulagssvæðið innan rauða rammans og nær til Kringlumýrarbrautar og nærumhverfis.....	5
Mynd 4-2.	Úr Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar er sýnir uppbyggingaráætlun á árunum 2015-2020. Umrædd leið er innan bláa rammans á myndinni.	6
Mynd 4-3.	Deiliskipulag fyrir breikkun Miklubrautar.	7

1. Inngangur

Reykjavíkurborg áformar að vinna deiliskipulag fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi ásamt nærumhverfi hennar. Ekkert deiliskipulag er í gildi innan þess svæðis sem fyrirhugað deiliskipulag nær til.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

2. Afmörkun og núverandi ástand


Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast til suðurs af málægum gatnamótum Kringlumýrarbrautar við Bústaðaveg og til norðurs af gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Til vesturs eru mörk skipulagsins við lóðarmörk húsa sem standa við Stigahlið og til austurs við lóðarmörk bygginga við Kringlu, Listabraut og Neðstaleiti. Skipulagssvæðið er alls um 5,7 ha að flatarmáli.

Hámarkshraði á Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi er 60 km/klst. Gatan er með 3 akreinar í hvora átt frá Miklubraut að gatnamótum Listabrautar en þar taka við tvær akreinar í suðurátt. Graseyja og vegrið er á milli akreina úr gagnstæðri átt. Vestan Kringlumýrarbrautar er fullbyggt íbúðarsvæði en austan við hana eru bílastæði sem fylgja Kringlu 1,5 og 7 sem og íbúðarsvæði við Neðstaleiti.

Gangstígar eru beggja vegna Kringlumýrarbrautar á þessu svæði, 2,5 metra breiður að vestanverðu en 3 metra austanmegin. Gönguljós eru á þremur stöðum yfir Kringlumýrarbraut. Við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, við Hamrahlíð og Listabraut. Strætóbíðstöðvar eru báðum megin við Kringlumýrarbraut til móts við Kringlu 1.

Umferð á þessum kafla Kringlumýrarbrautar er tæplega 50.000 ökutæki á sólarhring. Mismikil umferð er um háannatíma á morgnana og síðdegis en á morgnana er umferðin mun meiri til norðurs og svo öfugt seinnipartinn.¹

Á Kringlumýrarbraut á milli Miklubrautar og Bústaðavegar ganga strætóleiðir 1, 2, 4 og 14 og er tíðni Strætó á háannatíma um 10 mínútur og 30 mínútur utan háannatíma.



Mynd 2-1. Afmörkun skipulagssvæðis.

3. Helstu forsendur og viðfangsefni

Fyrirhugað er að gera breytingar á útfærslu Kringlumýrarbrautar og nærumhverfis frá gatnamótum Miklubrautar að gatnamótum Bústaðavegar sem er hluti af uppbyggingaráætlun hjólaleiða skv. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2020. Þegar hefur verið lokið við gerð nýs göngu- og hjólastígs meðfram Kringlumýrarbraut norðan Miklubrautar að Suðurlandsbraut og er gert ráð fyrir að vinna við gerð göngu- og hjólastígs vestan megin meðfram Kringlumýrarbraut muni hefjast næsta sumar samhliða endurnýjun á lögnum á svæðinu.

¹ Tölur fengnar úr Borgarvefsjá

Megintilgangur breytingarinnar er að koma fyrir hjólastíg samsíða núverandi göngustíg og forgangsleið Strætó í suður- og norðurátt meðfram Kringlumýrarbraut og bæta hljóðvist fyrir íbúðarbyggð vestan Kringlumýrarbrautar með hljóðvegg. Nýr hjólastígur, vestan megin á þessari leið er til að liðka fyrir og bæta aðgengi hjólandi vegfarenda á þessari leið.

Einnig er verið að koma þarna fyrir forgangakreinum fyrir Strætó í báðar áttir. Í skýrslu sem unnin var af Mannviti árið 2015 eru settar fram frumtillögur að forgangsakreinum strætó á þessari leið og þar kemur eftirfarandi fram:²

Til suðurs: Frumtillaga að forgangsakstri gerir ráð fyrir að um **600 m** langri forgangsakrein til suðurs verði bætt vestan við núverandi akreinar á Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að frárein á Bústaðaveg.

Til norðurs: Frumtillaga að forgangsakstri gerir ráð fyrir að um **300 m** langri forgangsakrein til norðurs verði bætt austan við núverandi akreinar á Kringlumýrarbraut frá aðrein af Bústaðavegi norður fyrir Hamrahlið. Þar taki við akstur í blandaðri umferð á um 150 m kafla en strætisvagnar á leið vestur Miklubraut fái svo forgangsakrein í vinstri beygju við Miklubraut og komist þaðan beint á forgangsakrein vestur Miklubraut.

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru að:

- Staðsetja nýjan göngu- og hjólastíg meðfram Kringlumýrarbraut að vestanverðu.
- Koma fyrir forgangsakreinum strætó á kaflanum á milli Miklubrautar og Bústaðavegar.
- Setja upp hljóðvarnir við íbúðarbyggð í Stigahlið vestan megin Kringlumýrarbrautar.

4. Tengsl við aðrar áætlanir


4.1. Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og er Kringlumýrarbraut þar skilgreind sem *stofnbraut* og *meiginleið almenningssamgangna*. Litill hluti Kringlumýrarbrautar á þessu svæði er skilgreind sem borgargata í aðalskipulagi, þ.e. frá Listabraut að Hamrahlið. Skv. aðalskipulagi verður á borgargötum sérstök áhersla lögð á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningssvæði. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfissskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

Í kaflanum *Vistvænni samgöngur*, *almenningsamgöngur* eru m.a. eftirfarandi markmið:

- Auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölþættum aðgerðum.
- Á skilgreindum meiginleiðum njóti strætisvagnar og önnur farartæki sem þjóna almenningssamgöngum forgangs í umferðinni. Mikilvægt er að þessar meiginleiðir strætisvagna séu einkum á þeim svæðum þar sem raunhæft er að bjóða aukna ferðatíðni vagna og þar sem mögulegt er að auka þéttleika byggðar og fjölbreytni landnotkunar. Með forgangi í umferðinni er átt við sérakreinar, þar sem þeim verður viðkomandi, og forgangi á ljósastýrðum gatnamótum. Aukinn forgangur þýðir bæði styttri ferðatíma fyrir strætisvagna og aukinn áreiðanleika þjónustunnar.
- Staðsetning biðstöðva verði ákvörðuð út frá skilgreindum gönguleiðum og nálægð við lykilþjónustukjarna og stofnanir.

² Mannvit 2015, Innleiðing almenningssamgöngustefnu. Greining unnin fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Strætó bs.



Mynd 4-1. Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og er deiliskipulagssvæðið innan rauða rammans og nær til Kringlumýrarbrautar og nærumhverfis.

Í kaflanum *Vistvænni samgöngur*, gangandi umferð – aðgengi fyrir alla eru m.a. eftirfarandi markmið:

- Auka hlutdeild gangandi í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölþættum aðgerðum sem stuðla að þægilegri og öruggari gönguleiðum.
- Við endurhönnun stofn- og tengibrauta og lykilgatna innan hverfa verði þarfir gangandi og hreyfihamlaðra ávallt í fyrirrúmi.

Í kaflanum er einnig eftirfarandi umfjöllun um stofn- og tengistíga:

Stofnstígar borgarinnar eru helstu göngu- og hjóltreiddaleiðir um borgarlandið. Þeir mynda samhangandi net með u.þ.b. 1000 m möskvastærð, taka mið af almennum ferðakröfum og tengjast nágrannasveitarfélögum borgarinnar.

Stofnstígarnir þræða útivistarsvæði borgarinnar og leitast er við að skapa skjólsælt umhverfi meðfram þessum leiðum. Stígarnir eru allajafna 3 m breiðir en í athugun er að breikka sumar leiðir í 4 m vegna mikillar umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda, eða leggja sérstakar hjóltreiddabrautir samhliða fjölförnustu leiðunum.

Tengistígar tengjast stofnstígum og eru að öllu jöfnu 2,5–3 m á breidd. Þeir flétta saman byggð og útivistarsvæði og eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð innan einstakra borgarhluta. Þeir tengja saman ýmsa þjónustu, svo sem skóla, verslun og biðstöðvar almenningsvagna.

Auk samféllds götustíganets er mikilvægt að bæta gangstéttir meðfram götum og auka gæði umhverfisins fyrir gangandi vegfarendur.

Í kaflanum *Vistvænni samgöngur*, *hjóltreiddar* eru m.a. eftirfarandi markmið:

- Auka hlutdeild hjólandi í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölbættum aðgerðum.
- Hjóltreiddir verði í samræmi við Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkur. Við hönnun og útfærslu þeirra verði hverju sinni tekið mið af markmiðum og ákvæðum fyrirbyggjandi heildaráætlunar.
- Við endurhönnun stofn- og tengibrauta og lykilgatna innan hverfa verði þarfir hjólandi ávallt í fyrirrúmi.

Í kaflanum er einnig eftirfarandi umfjöllun um *hjólastíga*:

Hjólastígakerfi borgarinnar er byggt upp af sameiginlegum hjóla- og göngustígum. Þessir stígar liggja meðfram aðalumferðaræðum og við sjávargarðinn og eru flestir mikilvægir hlekkir í heildarkerfinu. Umferð hjólandi og gangandi er hins vegar í eðli sínu ólík.

Hjóltreiddafólk fer miklum mun hraðar yfir en þó á hjóllátan hátt sem getur skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur. Æskilegt er því að aðskilja þessa umferð á helstu samgönguæðum. Það má gera með því að draga línu í breiða göngu- og hjóltreiddastíga, en dæmsla verður þó lögð á að koma upp sérstökum hjóltreiddastígum.


Hönnun hjóltreidda fer eftir aðstæðum á hverjum stað og því er þörf á fjölbreyttum lausnum. Miðað er við að aðskilja hjólandi og gangandi umferð og skapa rými fyrir reidhjól í umferðinni þar sem því verður komið við...

Hjóltreiddir í aðalskipulagi eru í samræmi við Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkur. Við hönnun og útfærslu hjóltreidda verði tekið mið af markmiðum og ákvæðum Hjóltreiddaáætlunar.

Í vinnu við deiliskipulag verður ofangreind stefna og markmið aðalskipulags höfð til grundvallar í útfærslu á Kringlumýrarbraut og nærumhverfis hennar. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

4.2. Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar

Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt 6. október 2015. Í henni eru sett fram markmið sem miða að því að auðvelda sem flestum að nýta sér hjóltreiddar sem raunhæfan samgönguvalkost. Markmið eru mælanleg til að hægt verði að fylgjast með árangri áætlunarinnar. Hjóltreiddaáætlunin felur í sér framkvæmdaáætlun fyrir næstu fimm árin í Reykjavík en samkvæmt henni er gert ráð fyrir 30 km af nýjum hjólastígum. Í Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2015-2020 verði farið í gerð stofnstígs hjóltreidda á kaflanum á milli Miklubrautar og Bústaðavegar.



Mynd 4-2. Úr Hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar er sýnir uppbyggjaraáætlun á árunum 2015-2020. Umrædd leið er innan bláa rammans á myndinni.

5. Umhverfisáhrif

Fyrirhugað deiliskipulag fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við gr. 5.4.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Metin verða hugsanleg áhrif einstakra umhverfisþátta og niðurstöðu matsins lýst í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

6. Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

Okt. – nóv. 2016	Skipulagslýsing unnin, samþykkt í borgarráði og kynnt.
Nóv. - des. 2016	Deiliskipulag fullmótað með skipulagsupphætti, greinargerð og skilmálum.
Desember 2016	Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og á fundi borgarráðs þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
Des.-Jan. 2017	Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
Janúar 2017	Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
Janúar 2017	Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af borgarráði.
Febrúar 2017	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

7. Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu umsagnaraðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Vegagerðin*
 - *Þar sem um er að ræða þjóðveg í þéttbýli.*
- *Orkuveita Reykjavíkur*
- *Hverfisráð Hlíða*
- *Hverfisráð Háaleitis og Bústaða*
- *Strætó bs*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Reykjavíkurborgar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14. Þá mun skipulagslýsingin vera aðgengileg á heimasíðu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/umhverfis-og-skipulagssvið>

Ábendingar og umsagnir verða teknar til skoðunar inn í vinnu við deiliskipulag en ekki er þörf á að svara þeim formlega. Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður hún kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.